

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur



UMHVERFISSTOFNUN

2. júní 2017
UST201705-072/P.B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Kirkjuból og Dalur - Kvígindisfjörður

Vísað er til erindis Sveitarstjórnar Reykhólahrepps er barst 8. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Kirkjuból á Barðaströnd og Dal í Kvígindisfirði.

Um tvær aðskildar skipulagstillögur er að ræða og eru umsagnir fyrir hvora tillögu fyrir sig.

Tillaga að deiliskipulagi - Kirkjuból á Barðaströnd

Á landi Kirkjubóls er gert ráð fyrir 23 frístundalóðum og er hver þeirra um 10.000 m² að stærð, utan um 2.000 m² lóð undir gamla bæinn. Frístundahúsin munu ekki vera stærri en 300 m² og nýtingarhlutfall lóða ekki hærra en 0,03. Hluti lóðanna er innan svæðis með náttúrulegu birkikjarri.

Náttúruminjar

Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er tekið fram að sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar njóti sérstakrar verndar og forðast ber að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Náttúrulegir birkiskógar og birkikjarr eru meðal mikilvægustu vistkerfa landsins, sérstaklega í ljósi þess að fá vistkerfi hafa orðið fyrir jafnmikilli skerðingu frá landnámi.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að gera ráð fyrir nýjum lóðum í upprunalegum birkiskógi.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi samningi um mótvægisáðgerðir við Skógrækt ríkisins og ákvæðum um að byggingarreitir og aðkomuvegir í deiliskipulagi verði ekki þar sem náttúrulegir birkiskógar eru og þar sem settar eru takmarkanir á gróðursetningu trjátegunda, telur Umhverfisstofnun að fyrirhuguðu frístundabyggð í landi Kirkjubóls muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin telur þó rétt að ítreka nauðsyn þess að endanleg staðsetning húsa innan byggingarreita sem og annarra mannvirkja verði valin þannig að rask á birkiskógi verði eins lítið og kostur er og að fyrrgreindum ákvæðum í deiliskipulagi verði framfylgt.

Tillaga að deiliskipulagi – Dalur í Kvígindisfirði

Gert er ráð fyrir 12 byggingarreitum fyrir frístundahús, geymslur og vélahús á jörðinni Dal inn í Kvígindisfirði í Reykhólahreppi. Skipulagt svæði er um 50 ha að stærð.

Náttúruminjar


Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands virðist svæðið sem um ræðir vera ríkt af náttúrulegum birkiskógi og starungsmýravist. Þessar vistgerðir eru með hátt og mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun minnir á að samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 njóta votlendi, 2 ha að flatarmáli eða stærri sérstakrar verndar og ber að forðast að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætlaðir byggingarreitir og aðkomuvegir verði staðsettir þannig að framkvæmdir raski hvorki náttúrulegum birkiskógi né svæðum ríkum af starungsmýravist.

Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita skal vera samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.



Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllt



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur